

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis nr. 532/2009.

1. gr.

1. og 2. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Tímagjald	kr. 9.500
Gjald fyrir rannsókn á hverju sýni sbr. eftirlitsáætlun	kr. 13.000

2. gr.

Gjöld skv. viðauka gjaldskrárinnar hækka hlutfallslega í samræmi við ofnagreinda breytingu.

Auglýsing þessi er samin með heimild í 8. gr. tóbaksvarnalaga nr. 6/2002 með síðari breytingum, samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sbr. lög nr. 59/1999 með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla laga um matvæli nr. 93/1995 með síðari breytingum. Gjaldskrárbreyting þessi var samþykkt í heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis þann 23. janúar 2012 og öðlast gildi við birtingu.

Mosfellsbæ, 29. mars 2012.

Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

B-deild – Útgáfud.: 16. apríl 2012